



## Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

**Efni:** Greining á stjórnskipulagi Varmárskóla

**Dags:** 8. janúar 2021

**Málsnúmer:** 201906059/13.1.0

**Málsmeðferð:** Til umfjöllunar

**Starfsmaður:** Haraldur Sverrisson, bærarstjóri og Linda Udengård, framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs

---

Í framhaldi af ábendingum í ytra mati á Varmárskóla á vegum Menntamálastofnunar frá 2020 var samþykkt í bæjarráði þann 4.6.2020 að fela bærarstjóra og framkvæmdastjóra fræðslu- og frístundasviðs að láta framkvæma úttekt og mat á núverandi stjórnskipulagi Varmárskóla. Jafnframt var samþykkt að vísa málinu til kynningar í fræðslunefnd. Áætlað var að úttektin lægi fyrir síðla hausts en vegna aðstæðna í samfélaginu tók lengri tíma en áætlað var að afla og vinna úr gögnum.

Haraldur L. Haraldsson frá HLH ráðgjöf annaðist verkið. Við gerð skýrslunnar var rætt við báða skólastjóra Varmárskóla, alla deildarstjóra við skólann, formann stjórnar foreldrafélagsins og verkefnastjóra grunnskólamála hjá Mosfellsbæ. Auk þess var rætt við bærarstjóra og framkvæmdastjóra fræðslu- og frístundasviðs. Stuðst var við tölulegar upplýsingar frá skólastjórum og af vef Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Greining á stjórnskipulagi Varmárskóla og tillögur að breytingum liggur nú fyrir. Meginmarkmið úttektar var að greina stjórnskipulag og stjórnun Varmárskóla og setja fram sviðsmyndir þar sem lagt væri mat á hvaða sviðsmynd feli í sér mestan ávinning til framtíðar fyrir skólann.

Í skýrslunni liggur fyrir greining og í kjölfar hennar leggur HLH ráðgjöf fram tillögur í átta liðum. Megin tillagan felur í sér að lagt er til að Varmárskóla verði skipt upp í tvo sjálfstæða skóla. Þannig fáið markvissari stjórnun á málefnum hvors skóla, bæði faglega og fjárhagslega. Það fari betur á því að bæði fagleg og rekstrarleg ábyrgð sé hjá einum aðila í stað tveggja eins og nú er. Samskipti út á við ættu m.a. að verða auðveldari þar sem einn aðili ber ábyrgð á þeim í stað tveggja eins og nú er. Aðrar tillögur sem lagðar eru til í kjölfar ofangreindrar tillögu varða stöðugildi við skólann, mötuneytis og skólalóð.

Lagt er til við bæjarráð að í kjölfar kynningar í ráðinu verði tillögum vísað til umsagnar hjá fræðslunefnd og skólaráði. Jafnframt verði þær kynntar hagaðilum eins og stjórnendum, starfsmönnum og foreldrum. Í framhaldi af þessari málsmeðferð verði málið tekið til umræðu og afgreiðslu í bæjarráði í byrjun febrúar.

*Virðingarfyllt,*

*Haraldur Sverrisson, bærarstjóri*

*Linda Udengård, framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs*